

Ellefti fundur haldinn að Breiðabliki 9. desember að Breiðabliki 2019 kl. 20:30

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Styrkumsóknir. Hreppsnefnd bárust 4 styrkumsóknir
 - Frá nemendafélagi Laugargerðisskóla upp á kr. 100.000,- sem var samþykkt.
 - Frá foreldrafélagi Laugargerðisskóla án upphæðar en samþykktur var styrkur upp á kr. 200.000,-
 - Frá Búnaðarfélagi Eyja- og Miklaholtshrepps upp á kr. 3.000.000,- sem var ekki samþykkt.
 - Vegna dreifingar á blaðinu Jökli í sveitarfélaginu. Erindinu hafnað.
2. Fjárhagsáætlun Eyja- og Miklaholtshrepps vegna 2020. Á síðasta fundi var áætlunin tekið fyrir en ákveðið að fresta afgreiðslu hennar og taka hana fyrir á þessum fundi með efnahagsreikningi og sjóðstreymi. Áætlunin samþykkt samhljóða.
3. Þriggja ára fjárhagsáætlun. Samþykkt samhljóða.
4. Skipan áfangastaðafulltrúa. Samþykkt að skipa Gísla Guðmundsson sem áfangastaðafulltrúa sveitarfélagsins.
5. Farið yfir punkta um verkplan til loka kjörtímabilsins. Oddviti fór yfir þá vinnu sem búin er að fara fram. Oddviti fór yfir það sem búið er að kanna. Honum falið að koma með ítalegri gögn á næsta fund í samræmi við umræður.
6. Tölvupóstur frá formanni stjórnar Sorpurðunar Vesturlands. Lagður fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)